

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



Reykjavík 2. mars 2017  
UST201701-111/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Rangárþing ytra, tillaga að deiliskipulagi í landi Meiri Tungu**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 12. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi spildu í landi Meiri Tungu í Rangárþingi ytra.

#### **Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær yfir 5,5 ha landsspildu úr landi Meiri-Tungu 1 í Rangárþingi ytra og liggur skammt sunnan við Suðurlandsveg. Einnig kemur fram að svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði, er algróið og hefur verið nýtt í þágu landbúnaðar.


#### **Framkvæmdir**

Áætlað er að byggja fjögur íbúðarhús, ellefu gestahús og skemmu, og eru þau staðsett í nágrenni núverandi bygginga á jörðinni. Að mati Umhverfisstofnunar ættu nýbyggingar að falla vel að byggingum sem fyrir eru, svo byggðin á jörðinni myndi eins mikla heild og kostur er.

Umhverfisstofnun geirir ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur